

## ÁRSSKÝRSLA KIRKJUGARÐARÁÐS 2022

Í lögum um kirkjugarða er gerð góð grein fyrir lögbundnum verkefnum kirkjugarða. Samkvæmt þeim er kirkjunni falið að stýra þessum málaflokki þó verkefnin séu ekki beinlínis tengd trúmálum. Dómsmálaráðuneytið er fagraðuneyti kirkjugarða en biskup, kirkjugarðaráð, prófastar, prestar, sóknarnefndir og starfsmenn kirkjugarða sjá um stjórnun og framkvæmd verkefna

### **Kirkjugarðaráð.**

Kirkjugarðaráð hefur yfirumsjón með kirkjugörðum landsins og sér um úthlutun úr Kirkjugarðasjóði. Einn breyting varð á skipan Kirkjugarðaráðs á árinu. *Þórsteinn Ragnarsson* forstjóri KGRP og fulltrúi Kirkjugarðasambandsins, sem setið hefur í ráðinu frá upphafi lét af störfum á árinu. Í stað hans var Ingvar Stefánsson nýr framkvæmdastjóri KGRP tilnefndur sem fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands. Aðrir í ráðinu eru sem fyrr *Ragnhildur Benediktsdóttir* lögfræðingur, fulltrúi biskups og formaður ráðsins, *Kristín Huld Sigurðardóttir* forstöðumaður Minjastofnunar Íslands, *Valtýr Valtýsson* sveitarstjóri tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. *Smári Sigurðsson* framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar tilnefndur af kirkjuþingi. Framkvæmdastjóri ráðsins er Guðmundur Rafn Sigurðsson og verkefnastjóri Sigurgeir Skúlason landfræðingur og kortagerðamaður. Sér hann um uppmælingu og stærðarútreikninga kirkjugarða vegna gjaldalíkansins auk þess að vinna að gerð uppdráttu og legstaðaskráa fyrir kirkjugarða.


Á árinu hélt ráðið sjö stjórnarfundir. Framkvæmdastjóri ráðsins heimsótti á árinu 82 kirkjugarða og grafreiti hér á landi auk þess sem hann sótti Norræna kirkjugarðaráðstefnu í Tampere í Finnlandi.

### **Styrkveitingar kirkjugarðasjóðs - framkvæmdir.**

Á árinu 2022 veitti Kirkjugarðaráð styrki úr Kirkjugarðasjóði til 59 verkefna samtals að upphæð 68 milljónir. Þeir kirkjugarðar sem fengu milljón eða hærra í styrk voru: *Hof Vopnafirði*: greiða niður skuld vegna byggingu þjónustuhúss. *Sleðbrjótur*: lagfæra sáluhlið og bæta aðgengi. *Fellabær*: endursmíða klukknaport. *Reyðarfjörður*: ganga frá

og malbika stíg. *Kálfholt*: ganga frá stækkun og lagfæra hluta kirkjugarðs. *Þorlákshöfn*: halda áfram með stækkun garðs. *Hruni*: ganga frá bílastæði og stíg í garði. *Garðar á Álftanesi*: greiða niður skuld vegna stækkunar garðsins. *Reykjavík*: bygging þjónustuhúss í Kópavogskirkjugarði og lagfæra steiptan vegg um Hólavallakirkjugarð. *Akranes*: ganga frá stígum og bílastæðum innan garðs. *Ingjaldshóll*: ganga frá bílastæði og aðkomu garðs. *Þingeyrarklaustur*: lagfæra girðingu. *Sauðárkrókur*: frágangur á bílastæði og aðkomu þjónustuhúss. *Hofsós*: endurgirða og stækka garð. *Munkaþverá*: ljúka framkvæmdum við umgjörð garðsins. *Grund*: halda áfram með endurnýjun á trérimlagirðingu sem umlykur garðinn.

*Svalbarðseyri*: greiða niður skuld vegna framkvæmda við garðinn. Unnið að lagfæringum og umhirðu á niðurlögðum kirkjugörðum og görðum í eyðisóknum eins og t.d. *Fjörðum í Mjóafirði*, *Hólmum Reyðarfirði*, *Snæfokstöðum Grímsnesi*, *Kirkjuból í Langadal*, *Selárdal*, *Kvíabekk* og *gamla kirkjugarðinum Húsavík*. *Kirkjugarðasamband Íslands*: samkvæmt þjónustusamningi þar um.



Breiðabólstaðarkirkjugarður, Fljótshlíð



Garðakirkjugarður Álftanesi



Ingjaldshólskirkjugarður

## **Þjónustusamningur milli Kirkjugarðaráðs og Kirkjugarðasambands Íslands.**

Kirkjugarðasamband Íslands (KGSÍ) var stofnað árið 1995 og hefur öðlast viðurkenningu sem hagsmunasamtök (grasrótarsamtök) á vettfangi kirkjugarðsmála. Árið 2004 í kjölfar nýs gjaldalíkans, sem KGSÍ hafði veg og vanda að láta vinna, ákvað Kirkjugarðaráð að gera þjónustusamning við sambandið um eftirfarandi.

- 1. Umsjón, utanumhald og útteiling á greiðslum til kirkjugarða á Íslandi.*
- 2. Umsjón og rekstur á heimasíðunni gardur.is*
- 3. Gerð fræðslu og kynningarefnis.*

Þessi samningur hefur verið uppfærður reglulega. Í ár var ákveðið að ráðast í endurnýjun á þjónustusamningnum og skilgreina nákvæmlega hvaða þjónustu Kirkjugarðaráð er að greiða Kirkjugarðasambandinu fyrir. Nú liggur fyrir ítarleg greinargerð með samkomulagi sem formenn KGSÍ og Kirkjugarðaráðs undirrituðu þann 10. febrúar s.l. og gildir fyrir árin 2022 til 2024.

Guðmundur Rafn Sigurðsson  
framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs